



## LEIÐBEININGAR VEGNA ÁRLEGS LAUNAVIÐTALS FÉLAGSMANNA VFÍ/ST/SFB

Laun og önnur starfskjör félagsmanna VFÍ/ST/SFB á almennum vinnumarkaði eru ákvörðuð í ráðningarsamningi sem gerður er milli atvinnurekanda og starfsmanns. Um fjárhæð launa, samsetningu þeirra o.þ.h. fer samkvæmt ákvæðum ráðningarsamnings.

Launakjör félagsmanna VFÍ/ST/SFB ráðast af því sem um semst á markaði. Þegar samið er um laun geta atvinnurekandi og starfsmaður m.a. byggt á launakönnunum, almennum launahækkunum sem og skipan launamála hjá viðkomandi atvinnurekanda. Að öðru leyti skulu laun endurspegla vinnuframlag, reynslu, hæfni, menntun og færni viðkomandi starfsmanns svo og innihald starfsins og þá ábyrgð sem starfinu fylgir. Enn fremur skal gæta ákvæða jafnréttislaga við launaákvæðanir.

Starfsmaður á skv. kjarasamningum SA við VFÍ/ST/SFB rétt á viðtali við yfirmann einu sinni á ári um störf sín, þ.m.t. frammistöðu, markmið og hugsanlegar breytingar á starfskjörum.

Æskilegt er að atvinnurekandi hafi frumkvæði að viðtölum við starfsfólk enda hefur starfsfólk væntingar um árlegt viðtal þar sem rædd er frammistaða, starfsumhverfi og þróun launa. Góð vinnuregla er að reyna skipuleggja viðtölin þannig að þau fari ávallt fram, á því sem næst, sama tíma ársins, t.d. á vorin og þannig líði 12 mánuðir á milli þeirra. Starfsfólk getur einnig árlega óskað eftir viðtali.

Í launaviðtali er rétt að atvinnurekandi m.a. hafi til hliðsjónar:

- Launabreytingar í kjarasamningum á almennum vinnumarkaði
- Almenna launaþróun háskólamanna og starfsmanna í sambærilegum störfum
- Stöðu fyrirtækis
- Árangur og frammistöðu starfsmanns (í því sambandi getur formlegt mat á árangri og frammistöðu verið góður grundvöllur að málefnalegri niðurstöðu)

Í launaviðtali er rétt að starfsmaður m.a. hafi til hliðsjónar:

- Laun sambærilegra hópa skv. upplýsingum t.d. frá Hagstofu Íslands og kjarakönnunum stéttarféлага
- Markmið í starfi
- Árangur og frammistöðu í starfi
- Möguleika sína til starfsþróunar og aukinnar virðisaukningar fyrir fyrirtækið

Niðurstaða viðtals skal liggja fyrir innan mánaðar frá því að það fór fram.